

Dags eftirlits	10.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Ísteka ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Grensásvegur 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6112003150	Flokkur	Lyfjaiðnaður
Fulltrúi fyrirtækis	Arnþór Guðlaugsson	ÍSAT nr.	21.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eydís Sigvaldadóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru sett fram í skýrslunni en gerðar voru tvær ábendingar er varða endurskoðun á áætlun um meðhöndlun úrgangs og upplýsingagjöf í ársskýrslu rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Ísteka á Grensásvegi þann 10. nóvember 2022. Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Umfang starfseminnar
2. Upplýsingar frá stofnuninni
3. Umhverfismarkmið
4. Umhverfisstjórnunarkerfi
5. Áætlun um meðhöndlun úrgangs
6. Öryggisblöð
7. Endurheimt og endurnýting VOC efna
8. Skráningar
9. Skýrslugjöf
10. Umhverfisupplýsingar
11. Önnur mál
12. Vettvangsskoðun

1. Umfang starfseminnar kemur fram í innsendri ársskýrslu og er undir þeim mörkum sem fram koma í starfsleyfinu.

2. Í eftirlitinu var rekstraraðili upplýstur um möguleika stofnunarinnar til að leggja á stjórnvaldssektir og leiðbeiningar stofnunarinnar um viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar. Þessar upplýsingar voru einnig sendar til rekstraraðila eftir eftirlitið.

3. Rekstraraðili hafði fyrir eftirlitið ekki sett sér umhverfismarkmið. Rekstraraðili hefur áður en lokaskýrsla var send sett sér umhverfismarkmið fyrir árin 2022-2023 og starfar eftir þeim

4. Rekstraraðili vinnur eftir GMP (Good manufacturing process) fyrir lyfjaframleiðendur og er það yfirfarið á þriggja ára fresti eða eftir þörfum.

5. Áætlun um meðhöndlun úrgangs liggur fyrir en þörf er á endurskoðun á áætluninni þar sem rekstraraðili sér ekki fram á að fara í áburðarframleiðslu eins og til stóð heldur finna hratinu annan farveg.

6. Öryggisblöð eru til staðar í lausblaðamöppum á nokkrum stöðum ásamt því að vera einnig til á rafrænu formi. Samantektir úr öryggisblöðum eru einnig hangandi á veggjum á þeim stöðum þar sem efnin eru meðhöndluð.

7. Engin endurheimt er af VOC efnum í framleiðsluferlinu.

8. Farið var yfir skráningar sbr. gr. 4.1 í starfsleyfinu. Allar skráningar voru til staðar í eftirlitinu.

9. Rekstraraðili skilaði ársskýrslu fyrir árið 2021. Skilað var einni ársskýrslu fyrir báðar starfsstöðvarnar. Í ársskýrsluna vantaði upplýsingar um þjálfun og reynslu starfsfólks og upplýsingar um viðhald og viðgerðir á mengunarvarnarbúnaði.

10. Skila skal grænu bókhaldi og losunarbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert.

11. Settankur er opnaður og skoðaður einu sinni í mánuði. Tæming á settanki er pöntuð eftir þörfum.

12. Gengið var um starfstöðina. Bent var á að einn ómerktur bambi er á starfstöðinni og talsvert var af tunnum með sýru sem voru ekki í lekabittum og staðsett nálægt niðurfalli. Þetta var hinsvegar lagfært áður en lokaskýrsla var gefin út.

ÁBENDINGAR

Þörf er á endurskoðun á áætluninni um meðhöndlun úrgangs þar sem hratið nýtist ekki sem áburður.

Í ársskýrsluna vantaði upplýsingar um þjálfun og reynslu starfsfólks og upplýsingar um viðhald og viðgerðir á mengunarvarnarbúnaði.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.12.2022



Kristín Kröyer